

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
144. fundur – 26. október 2009**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 26. október 2009, og hófst hann kl. 17.15 að Garðatorgi 7, Garðabæ. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson boðaði forföll og mætti Guðrún Þóra Magnúsdóttir í hans stað.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 143. fundar heilbrigðisnefndar frá 5. október 2009.

Samþykkt

2 Fundargerð 124. starfsmannafundar frá 21. október 2009

2.1 Starfsleyfi

Garðabær

2.1.1 Ásgarður, Garðabær – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Lilju Ingvadóttur kt. 020971-5339, dags. 2.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu í Íþróttamiðstöðinni Ásgarði, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.2 Lyngás 17, Garðabær – brauð og kökuverslun

Lögð fram umsókn Hávarðar Hilmarssonar f.h. Míns bakarís ehf. kt. 520704-2560, sem mótekin var 21.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvöru (brauðgerðavörur) að Lyngási 17, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með skilyrðum um að innra eftirliti verði komið á innan tveggja mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Jafnframt er lagt fyrir rekstraraðila að hætta rekstri veitingastofu þar sem húsnæðið uppfyllir ekki ákvæði reglugerðar um hollustuhætti varðandi aðgang að snyrtiherbergi fyrir gesti.

Hafnarfjörður

2.1.3 Álfhella 6, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Þórarins K. Ólafssonar f.h. RST Net ehf., kt. 530198-2359, dags. 15.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Álfhelli 6, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.4 Ásvellir 1, Hafnarfjörður – pylsuvagn

Lögð fram umsókn Björns Sigþórssonar f.h. Karo ehf., kt. 640609-0790, dags. 1.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs pylsuvagns við Ásvelli 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Lögð fram staðfesting dags. 21.10.2009 um aðgang að salerni og ræstiaðstöðu í íþróttamiðstöð Hauka Ásvöllum. Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.5 Dalshraun 5, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Brimborgar ehf., f.h. Max 1, kt. 701277-0239, dags. 15.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Dalshrauni 5, Hafnarfirði. Húshluti: 03 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.6 Dalshraun 24, Hafnarfjörður – prentsmiðja

Lögð fram umsókn Steingríms Guðjónssonar f.h. Prentsmiðjunnar Steinmarks, kt. 440182-0469, dags. 9.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Dalshrauni 24, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.7 Drangahraun 1b, Hafnarfjörður - líkamsræktarstöð

Lögð fram að nýju umsókn Benedikts Magnússonar f.h. Super Gym ehf., kt. 470509-0580, dags. 12.08.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Drangahrauni 1b, Hafnarfirði. Húshluti: 0101. Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað þar sem unnið er að úrbótum.

2.1.8 Stapahraun 2, Hafnarfjörður - gistiheimili

Lögð fram umsókn Jóns Ö. Jakobssonar f.h. Fish4u ehf., kt. 620802-2040, dags. 19.06.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Stapahrauni 2, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101- 01 0201. Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað og eftirfarandi bókun gerð:

“Verði ekki brugðist við athugasemdum sbr. bréf heilbrigðiseftirlitsins dags. 7. október 2009 innan 14 daga verður ekki komist hjá að hafna umsókninni.”

2.1.9 Thorsplan, Hafnarfjörður - jólaborð.

Lögð fram umsókn Ásbjargar Björnsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 9.10.2009, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs jólaborðs á Thorsplani í Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 01.01.2010, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.1.10 Auðbrekka 17, Kópavogur - dansskóli

Lögð fram umsókn Edgars K. Gapunay, f.h. Dans ehf., kt. 560404-2040, dags. 12.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dansskóla að Auðbrekku 17, Kópavogi. Húshluti: 01 0201.

Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.11 Digranesvegur 79, Kópavogur – samkomusalur

Lögð fram umsókn Þorvaldar Sigmarssonar f.h. Skátafélagsins Kópa, kt. 700371-2719, dags. 5.10.2009, þar sem sótt er um leyfi fyrir félagsheimili og samkomusal með móttökueldhúsi, að Digranesvegi 79, Kópavogi. Ný starfsemi. Húshluti: 01 0101.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.12 Kársnesbraut 112, Kópavogur – veislueldhús

Lögð fram umsókn Hinriks Inga Guðbjargarsonar f.h. Lystauka veisluþjónustu ehf., kt. 621208-0470, dags. 23.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu að Kársnesbraut 112, Kópavogi. Ný starfsemi. Húshluti: 01 0002.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.13 Roðasalur 1, Kópavogur - hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Ídu Atladóttur f.h. Félagsþjónustu Kópavogs, kt. 700895-3009, dags. 30.09.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsþjónustu og hjúkrunarheimilis að Roðasölum 1, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.14 Lækjarbotnar, Kópavogur - landmótun og frágangur grjótnámu

Lögð fram umsókn Stefáns Ara Guðmundssonar f.h. S. Helgasonar ehf., kt. 540269-0689, dags. 19.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til grjótnáms, frágangs á grjótnámu og landmótun í Lækjarbotnum, Kópavogi. Endurnýjun.

Mælt með frestun afgreiðslu og að kynna málið í framkvæmdastjórn um vatnsvernd.

2.1.15 Nýbýlavegur 32, Kópavogur – matsölustaður

Lögð fram umsókn Hjartar Aðalsteinssonar f.h. Róm ehf kt. 630209-0480, dags. 21.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Nýbýlavegi 32, Kópavogi.

Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.16 Salavegur 2, Kópavogur – samkomusalur

Lögð fram umsókn Hinriks Inga Guðbjargarsonar f.h. Lystauka veislupjónustu ehf., kt. 621208-0470, dags. 23.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veislusalur að Salavegi 2, Kópavogi. Eigendaskipti. Húshluti: 01 0301.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.17 Ögurhvarf 3, Kópavogur - veitingastaður

Lögð fram umsókn Svavars Kristjánssonar f.h. Pizza og pasta ehf kt. 481009-1030, dags.21.10.2009, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss að Ögurhvarfi 3, Kópavogi.

Húshluti: 01 0102b. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með skilyrðum um að innra eftirliti verði komið á innan tveggja mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

Jafnframt er lagt fyrir rekstraraðila að hætta rekstri veitingastofu þar sem húsnæðið uppfyllir ekki ákvæði reglugerðar um hollustuhætti varðandi aðgang að snyrtiherbergi fyrir gesti.

2.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

2.2.1 Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Kaplakrika - samkomusalur, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 15.10.2009, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna unglingaskemmtunar í Kaplakrika föstudaginn 15. október n.k. Leyfi fyrir 400 manns milli kl. 19.30 – 23.30.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

2.2.2 Róm ehf., Nýbýlavegi 32, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 5.10.2009, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rómar ehf., kt. 630209-0480, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I að Nýbýlavegi 32, Kópavogi með nafninu Super-Sub

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.10.2009 starfsleyfi fyrir veitingastað skv. matvæla og hollustuháttareglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

2.2.3 Lystauki veislupjónusta ehf. Salavegi 2, Kópavogur - samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 15.10.2009, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lystauka veislupjónustu ehf kt. 621208-0470, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III að Salavegi 2, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti 26.10.2009 starfsleyfi fyrir samkomusal skv. matvæla og hollustuháttarreglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt 3 flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir samkomusal.”

2.3 Annað

2.3.1 Örveruástand í blaðgrænmeti

Lagðar fram til kynningar niðurstöður úr eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna á tímabilinu september-nóvember 2008.

http://www.mast.is/Uploads/document/Skyrslur/eftirlitsverkefni_orverurbladgraenmeti.pdf

2.3.2 Könnun á salmonellu í svínakjöti

Lagðar fram til kynningar niðurstöður úr eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, júní 2009.

http://www.mast.is/Uploads/document/Skyrslur/eftirlitsverkefni_salmonellasvinakjot.pdf

2.3.3 Varnaðarmerktar efnavörur.

Lagðar fram til kynningar niðurstöður úr eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna 2008-2009 “könnun í framhaldsskólum á merkingum efnavara og á aðstöðu til að geyma og nota þær.”

<http://www.ust.is/Adofinni/Frettir/nr/6272>

3 Skipulagsmál

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar, dags. 30. september 2009 varðandi deiliskipulag Auðbrekku 16-32. Óskað er umsagnar um skipulagsskilmála og greinargerð með deiliskipulagsupprætti.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur að í greinargerð þar sem fjallað er um þjónustustarfsemi þurfi að vísað til starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að óeðlilega mikla umferð. Í greinargerð þar sem fjallað er um hljóðvist er nauðsynlegt að bæta við kröfum um að tryggt verði að viðunandi hljóðvarnir verði milli starfsemi á jarðhæð og íbúðarhúsnæðis”.

4 Sameiginlegt mat styrkingar raforkukerfisins á Suðvesturlandi, SV-lina og orkuvera

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 6. október 2009 ásamt tölvupósti frá þar sem óskað er eftir afstöðu til erindis og boð þátttöku í samráðsferlinu.

Umsögn um að ekki sé ástæða til þátttöku í frekara samráðferli staðfest.

5 Haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Umhverfisráðuneytis og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

Lögð fram til kynningar mál sem tekin voru til umfjöllunar á haustfundi heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Umhverfisráðuneytis og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis þann 13. og 14. október 2009.

6 Önnur mál

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15

Richard Hansen

Halla Halldórsdóttir

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Guðrún Þóra Magnúsdóttir